



BUILDING CAPACITY FOR ACTION



Samantekt og niðurstöður frá ráðstefnu um stefnumótun í áfengismálum Barcelona 2008 – Building Capacity

Þriðja evrópska ráðstefnan um stefnumótun í áfengismálum fór fram dagana 3. – 5. apríl 2008 í Barcelona. Þátttakendur voru 352 frá 36 löndum. Ráðstefnan var samofin aðgerðum sem tengjast formennsku Slóveníu í Evrópusambandinu.

Meðal þeirra sem sóttu ráðstefnuna voru Heilbrigðis- og neytendamálaráðherra Spánar, Heilbrigðisráðherra Slóveníu, Heilbrigðis- og öldrunarráðherra Svíþjóðar, Félagsmálaráðherra Eistlands, Dómsmálaráðherra Skotlands, Svæðisstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu, forstjóri heilbrigðis- og neytendamála hjá Evrópusambandinu og varaforstjóri Evrópsku fjármála- og félagsmálanefndarinnar. Þátttaka þessara aðila þykir marka mikilvægi málefnisins og hversu marga snertifleti hann hefur í samfélögum.

Ráðstefnan var studd af spænska og slóvenska heilbrigðisráðuneytinu og svæðisstjórn Katalóníu var gestgjafi. Ráðstefnan naut jafnframt fjárstuðnings frá Evrópusambandinu, Evrópuskrifstofu WHO og Eurocare.

Ráðstefnan setti fram eftirfarandi niðurstöður og ráðleggingar:

1. Áfengi veldur miklum skaða

Óhófleg og skaðleg neysla áfengis hefur áhrif á alla aldurshópa, öll lög samfélaga og öll lönd í Evrópu en þó verða félagslega illa staddir fyrir hlutfallslega meiri áhrifum. Heildar áhætta á dauðsfalli af völdum áfengistengdra slysa eða áfengistengdra sjúkdóma og geðraskana eykst í hlutfalli við magn áfengis sem neytt er í hvert skipti og yfir ævina. Almennt vanmetur almenningur skaðsemina og stöðug áminning um það er nauðsynleg.

Aðgerðir: Styrkja þarf samfélög og sveitarfélög til að innleiða stefnumótun í áfengismálum og afla því stuðnings; setja þarf viðvaranir á umbúðir áfengis til að auka skilning á því að áfengi er sérstök og skaðleg vara.

2. Ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir áfengi

Neysla áfengis á unglingsárunum getur haft langvarandi áhrif á líffræðilegar breytingar sem geta haft skaðleg áhrif á þroska heilans, m.a. taugaskemmdir og minni vitrænan þroska. Því yngra sem fólk er þegar það byrjar að neyta áfengis og því meira sem það drekkur, þeim mun meiri hætta er á áfengissýki og áfengistengdum skaða á unglingsárunum, m.a. sjálfsvíg. Ungt fólk, sérstaklega þeir sem drekka óhóflega, er sérstaklega viðkvæmt fyrir áfengisauglýsingum. Fleiri og fleiri vísbendingar eru um áhrif áfengisauglýsinga á auknar líkur á að ungt fólk hefji áfengisneyslu, á það heildar magn sem það drekkur og það magn sem það drekkur í hvert skipti. Aukin þörf er á að vernda ungt fólk.

Aðgerðir: Það þurfa að vera mun betri reglur, framfylgd og eftirlit með markaðssetningu áfengis. Ekki einvörðungu að beina sjónum að innihaldi auglýsinga heldur draga einnig úr umfangi eða magni auglýsinga sem beinast að ungu fólki; meta þarf reglur og reglugerðir sem tengjast markaðssetningu áfengis innan Evrópu með það í huga að þörf er á að skilgreina hvar draga á mörkin um hvar leyfa má markaðssetningu á áfengi.

3. Áfengi veldur fleirum skaða en eingöngu þeim sem drekkur

Skaðleg áhrif á aðra en þann sem neytir áfengis eru meðal annars áhrif á fóstur (FAS), skaði vegna ölvunaraksturs, skaði vegna ofbeldisverka eða annarra afbrota, skaði gagnvart fjölskyldum og börnum og þjáningar vegna áfengissýki. Kostnaður vegna þjáningar af völdum áfengisneyslu innan EU er árlega áætlaður um €270bn sem skiptist niður á sársauka og þjáningu, afbrot og dauðsföll. Þegar rætt er um samfélagslegan skaða af áfengisneyslu þá er einnig átt við þær framtíðartekjur sem farið er á mis við sökum félagslegs kostnaðar í tengslum við heilsugæsluna, réttarkerfið og skerta framleiðni.

Samfélagslegur kostnaður EU vegna skaplegrar áfengisneyslu er árlega áætlaður um €125bn sem skiptist á milli heilsufars, afbrota og tapaðrar framleiðni. Þörf er á aðgerðum til að sporna við skaða á þriðja aðila.

Aðgerðir: Stýra ætti aðgengi að áfengi með ýmsum hætti og ætti að snúast um skaða gagnvart þriðja aðila m.a. fjárhagslega og áfengislaus svæði; samræmd refsímörk um áfengismagn í blóði ætti að lækka úr 0,5 prómill í 0,2 prómill. Í Evrópu ætti að koma til framkvæmda lægri mörk 0,0 prómill fyrir nýja öikumenn og stjórnendur almenningsfarartækja og stærri vinnuvéla (lönd með slík mörk ættu ekki að hækka mörkin).

4. Herða þarf aðgerðir stjórnvalda

Mikil skaðsemi, áhrif á berskjaldaða hópa t.d. þá sem eru illa haldnir eða ungt fólk, skaðleg áhrif á aðra en þann sem drekkur og eiginleikar áfengis til að valda áfengissýki eru allt góðar og gildar ástæður þess að áfengi er ekki venjuleg neysluvara eins og mjólk eða kartöflur. Þetta réttlætir sterklega hertari reglur m.a. stýringu á verði og aðgengi. Það eru aðgerðir sem yfirgnæfandi sannanir eru fyrir að hafa áhrif og eru hagkvæmar og vel til þess fallnar að draga úr skaða tengdum áfengisneyslu. Þó getur innleiðing og áhrif slíkra aðgerða verið í hættu vegna ýmissa atriða er varða t.d. flutning áfengis milli landamæra aðildarríkja EU.

Aðgerðir: Lágmarks áfengisgjald ætti að vera í minnsta lagi í hlutfalli við áfengismagn allra drykkja sem innihalda áfengi, það ætti að standa straum af samfélagslegum kostnaði vegna

áfengisneyslu og ætti að hækka í samræmi við verðbólgu; þar sem ekki eru gildandi samningar um samræmd gjöld og skatta og upp getur komið samkeppni um verð á áfengi keyptu erlendis ætti að minnka leyfilegt magn sem einstaklingur má taka með sér milli landa í Evrópu.

5. Aðgengi að aðstoð fyrir fólk með vandamál

Misnotkun áfengis er viðurkennd sem geðræn og hegðunarröskun innan ICD-10 flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um sjúkdóma og raskanir. Það eru umtalverðar sannanir um virkni og kostnaðarvirkni þess að bjóða upp á stutt inngríp eða viðtal á heilsugæslunni fyrir þá sem drekka skaðlega eða í óhófi og um meðferð fyrir einstaklinga með áfengissýki. Vandinn er hins vegar sá að ekki er framboð aðstoðar í sama hlutfalli og þörfin fyrir aðstoðina. Vegna hagkvæmni þess að draga úr skaðlegri áfengisneyslu og áfengissýki er brýn þörf á að loka bilinu milli þarfar fyrir aðstoð og framboðs hennar.

Aðgerð: Innan heilbrigðiskerfisins verður að fjárfesta í viðeigandi aðgerðum til að tryggja víðtækt aðgengi og taka upp snemmtæka skimun með stuttu inngrípi innan heilsugæslunnar, í hagkvæmri meðferð vegna áfengissýki og stuðning fyrir fórnalömb áfengisneyslu annarra, m.a. fjölskylda og börn; innan Evrópu ætti að innleiða sannreynd viðmið við ráðgjöf og meðferð undir eftirliti.

6. Með fókus á vöru sína getur áfengisíðnaðurinn haft áhrif til að draga úr skaðsemi

Ábyrgð framleiðenda og seljenda í að draga úr skaðsemi áfengis ætti að vera í tengslum við vöruna þeirra.

Aðgerð: Það er mikilvægt að framleiðendur skoði hvernig verð og styrkleiki vöru þeirra geti átt þátt í að draga úr skaðanum, t.d. skuldbinding til að styðja við uppbyggingu lágmarks verðs; framleiðendur og smásalar ættu að leggja saman þekkingu sína um ólöglegan iðnað og stuðningur þarf að vera við vöruamerkingu innan Evrópu svo hægt sé að rekja ólöglega framleiðslu og sölu.

7. Upphefja rödd borgaralegs samfélags

Jafnvel þótt svo virðist vera sem vilji sé fyrir mörgum mögulegum aðgerðum í áfengismálum lítur út fyrir að skortur sé á vitund almennings í mörgum samfélögum um þann skaða sem hlotist getur af áfengisneyslu. Þá er einnig skortur á nægilega sterkri rödd frjálsra félagasamtaka varðandi áfengismál í mörgum löndum.

Aðgerðir: Aukið fjármagn til frjálsra félagasamtaka, innan hvers lands og innan Evrópu til að styrkja rödd borgaralegs samfélags við að breyta viðhorfum og draga úr skaðlegri áfengisneyslu; aðgerðir frjálsra félagasamtaka þurfa aukið vægi með meiri sýnileika.

8. Geta til framkvæmda

Niðurstaða Evrópuráðsins frá árinu 2006 um stefnumótun EU til að draga úr áfengistengdum skaða gerir ráð fyrir að frum-markmið áfengisstefnu ætti að vera að draga úr skaða tengdum áfengi og slík nálgun muni ýta undir hagsæld og atvinnu og styrkja framleiðni og samkeppnishæfni Evrópu. Niðurstaðan undirstrikaði einnig mikilvægi þess að tryggja að þau

tækifæri sem gefast til að fyrirbyggja áfengistengdan skaða meðal almennings og öryggi þeirra séu rædd í samhengi á viðeigandi pólitískum vettvangi og þá sérstaklega á þeim vettvangi sem getið er um í [Niðurstöðu](#) ráðsins frá júní 2001 um aðgerðir í samfélögum til að draga úr áfengistengdum skaða, s.s. rannsóknir, neytendavernd, flutningur, auglýsingar, markaðssetning, kostun, skattar og önnur viðeigandi markaðsmál.

Aðgerðir: Byggja þarf upp aukna þekkingu og hæfni innan Evrópu fyrir aukinni samvinnu og sameiginlegum aðgerðum til að styðja við niðurstöðu ráðsins frá 2006 um áframhaldandi aðgerðir undir eftirliti til að draga úr skaða tengdum áfengisneyslu; draga verður úr neikvæðum áhrifum áfengisneyslu á heilsu vegna pólitískra ákvarðana og jákvæð áhrif skilgreind og kynnt.

9. Í átt að Hnattrænni áætlun

Í [skýrslu](#) sinni um vandamál tengdum áfengisneyslu frá 2007 leggur nefnd sérfræðinga WHO áherslu á að á næstu árum mun neysla áfengis að öllum líkindum aukast verulega í SA-Asíu og í löndum með lágar- eða meðal tekjur í löndum vestan Kyrrahafsins (samanstendur af nærri helmingi jarðarbúa) og að almennt séð um allan heim mun fátækt fólk líða í auknu hlutfalli fyrir skaða af völdum áfengis.

Aðgerðir: Það þarf aukinn stuðning Evrópu til að þróa hnattræna áætlun um að draga úr skaðlegri neyslu áfengis; viðurkenna hnattræn viðskipti og markaðssetningu áfengis, og að viðurkenna og virða þau lög eða stefnur í áfengismálum í þeim löndum þar sem þau eru strangari. Þörf er á sameiginlegum ramma til að styðja við samræmdar aðgerðir milli landa.

10. Útvíkka þekkingargrunn

Að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er heilsa skilgreind sem „líkamleg-, andleg- og félagsleg vellíðan“. Umtalsverð þekking er til staðar um líkamlegan og andlegan skaða af völdum áfengisneyslu. Hins vegar er ekki eins umfangsmikil skjalfest þekking til um umgang félagslegs skaða, s.s. þjáningar annarra en þess sem neytir áfengis.

Aðgerðir: Leggja þarf meiri áherslu og fjármagn í rannsóknir áhrifa áfengisneyslu á þriðja aðila, áhrif á heimili og félagslíf m.a. langtíma áhrif áfengisdrykkju foreldra á börn og þroska þeirra sem fullorðin; mælingar og eftirlit félagslegs skaða vegna áfengis þarfnast einbeittar athygli Evrópu.